

Kópavogsbær
Ármanн Kr. Ólafsson bæjarstjóri
Fannborg 2
200 Kópavogi

Reykjavík, 22. september 2016.

Efni: Þróun fasteignamats atvinnuhúsnæðis og álagning fasteignaskatta

Í tilefni af fjármálaráðstefnu sveitarfélaga, sem hefst í dag, og yfirstandandi gerð fjárhagsáætlana hjá sveitarfélögum landsins, vill Félag atvinnurekenda vekja athygli á og ítreka eftirfarandi ályktun stjórnar félagsins frá 14. júní síðastliðnum.

„Stjórn Félags atvinnurekenda skorar á sveitarfélög landsins að endurskoða álagningarársentu fasteignagjálfa til að mæta miklum hækkunum á fasteignamati atvinnuhúsnæðis undanfarin ár.

Í síðustu viku var sagt frá nýju fasteignamati fyrir árið 2017. Fasteignamat atvinnuhúsnæðis hækkar um 7,6% á landinu en 9,1% á Höfuðborgarsvæðinu. Að óbreyttu þýdir þetta hundruð milljóna króna í aukna skatta á atvinnulífið. Fyrirtæki mega síst við slíkum álögum nú þegar mörg þeirra eiga fullt í fangi með að standa undir launahækkunum vegna nýgerðra kjarasamninga án þess að velta þeim út í verðlagið.


FA vekur athygli á því að á síðastliðnum fimm árum hefur fasteignamat atvinnuhúsnæðis á landinu hækkað um tæplega 36% að meðaltali. Á Höfuðborgarsvæðinu hefur það hækkað um 40%. Af sveitarfélögunum á Höfuðborgarsvæðinu eru það eingöngu Kópavogur og Seltjarnarnes sem hafa mætt miklum hækkunum með lækkun á álagningarársentu sinni. Þannig hafa þessi tvö sveitarfélög haldið tekjum sínum af fasteignagjaldi fyrirtækja nokkuð stöðugum. Önnur sveitarfélög, þar með talin Reykjavíkurborg, hafa haldið álagningarársentunni óbreyttri og fengið hundruð milljóna í tekjuauka, alveg óháð afkomu fyrirtækjanna.

Fasteignagjald er í eðli sínu óheppileg skattheimta á fyrirtæki, sem leggst á eigið fé þeirra óháð afkomu. Hækkanir á fasteignaverði og þar með fasteignamati hafa ekkert um afkomu flestra fyrirtækja að segja, en stuðla að aukinni skattbyrði þeirra. FA skorar á sveitarfélögum að taka mið af þessu, milda höggið fyrir fyrirtækin og léttu þannig á þrýstingi á verðhækkanir.“

FA telur til fyrirmynðar að Kópavogsbær hafi á undanförnum árum gert breytingar á álagningarársentu sinni til að mæta hækkunum fasteignamats á atvinnuhúsnæði og hvetur til þess að svo verði einnig gert að þessu sinni.

FA óskar eftir því að erindi þetta verði tekið til meðferðar við gerð fjárhagsáætlunar Kópavogsbæjar fyrir árið 2017.

Virðingarfyllst,


Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA